

**Ed.**

**109. Frumvarp til laga**

**[81. mál]**

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

**1. gr.**

Í stað „40.“ (Vestmannaeyjar) í tölusetningu prestakalla í 1. gr. laganna kemur: 40.—41. (Síðari töluliðir í lagagreininni breytast samkv. því.)

**2. gr.**

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Biskupi er heimilt að ráða prestvígðan mann til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða kallið er prestlaust af öðrum ástæðum.

Ráðningartími skal vera allt að 3 árum í senn.

Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestur, en ferðakostnaður hans milli prestakalla, er hann þjónar, skal greiddur úr ríkissjóði svo og húsaleiga þar, sem hann býr ekki í embættisbústað prestakallsins, hvort tveggja samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.